


## Furðuleg og óvægin umræða

Í kjölfar útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar um starfsemi lífeyrissjóðanna fyrir rúmri viku hefur mikil umræða verið um stöðu lífeyrissjóðanna sem eðlilegt er. Skýrslan er vönduð og margar ábendingar og tillögur að því sem betur má fara í starfsemi sjóðanna og þeim kjarasamningi og lögum sem um þá gilda. Því miður hefur þessi umræða undanfarna viku einkennst af þeirri fjölmiðlun sem hér hefur verið að færast í vöxt á síðustu misserum þar sem lítt er hugað að staðreyndum eða málefnalegri nálgun. Áhersla er lögð á upplátt og æsifréttir, ráðist er að þeim einstaklingum sem valdir hafa verið af félögum sínum til að gæta hagsmuna þeirra gagnvart þeim mikilvægu réttindum sem lífeyrissjóðirnir okkar geyma og þess krafist að þeir axli ábyrgð og segi af sér hið snarasta. Vissulega er margt sem aflaga fór á þessum árum og mikilvægt að við drögum lærdóm af því sem þá gerðist – ekki bara hjá lífeyrissjóðunum heldur almennt í þessu þjóðfélagi, því í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis var afhjúpaður veruleiki sem var vægast sagt ógeðfældur. Engu að síður er vert að hafa það í huga að þó lífeyrissjóðirnir hafi tapað miklum fjármunum tókst stjórnendum þeirra með dreifðri eignasamsetningu og áhættuvörnum að verja verulega fjármuni þannig að lífeyrissjóðirnir eru einu stofnanirnar á fjármálamarkaði sem ekki hrundu til grunna árin 2008 og 2009.

Ef þessi árangur lífeyrissjóðanna er skoðaður m.v. þau réttindi sem sjóðsfélagar hafa áunnið sér á undanförunum árum, kemur þessi staða einnig í ljós. Á myndinni má sjá þróun lífeyrisréttinda hjá Gildi lífeyrissjóð borið saman við vísitölu neysluverðs og vísitölu launa frá ársbyrjun 2006 til loka árs 2011. Eins og sjá má hækkuðu lífeyrisréttindi á árunum fram að hruni umtalsvert vegna þeirra miklu hækkana sem urðu á



eignum sjóðanna. Nú hefur komið í ljós að verulegur hluti þessarar eignaukningar byggðist á svokallaðri eignabólu sem ekki bara hvarf með hruninu heldur fóru margar eignir langt undir langtíma verðmæti þeirra. Þrátt fyrir þetta hafa lífeyrisréttindi haldið áfram að aukast og í árslok 2009 voru

þau 14% hærrí en þau voru í árslok 2007. Á sama tíma hækkuðu laun í landinu um 11%. Þessi staðreynd hefur hins vegar farið framhjá bæði almenningi og fjölmiðlum, aðallega vegna þess að á sínum tíma ákváðu samningsaðilar á vinnumarkaði að tryggja það, með fyrirvara um ávöxtun eigna sjóðanna, að öll réttindi sjóðsfélaganna myndu hækka mánaðarlega í takt við vísitölu neysluverðs í stað þess að gera það með sérstökum ákvörðunum stjórnna sjóðanna. Þessi ákvæði voru síðan tekin inn í lögum um starfsemi lífeyrissjóðanna árið 1997 að tillögu þeirra. Það er nokkuð ljóst að það hefði verið ímyndarlega betra að skipuleggja kerfið þannig að í janúar 2009 hefði stjórn Gildis getað lagt til að lífeyrisréttindi yrðu hækkuð um 7% þrátt fyrir fjármálahrunið í stað þess að hafa hækkað þau sjálfkrafa um 19% en þurfa síðan að leggja það til þau lækki um 10% í takt við tryggingafræðilegt mat. Hvoru tveggja skilar efnislega sömu niðurstöðu fyrir sjóðsfélaganna en núverandi fyrirkomulag er mjög háð því að rætt sé faglega og ábyrgt um stöðuna byggt á staðreyndum en ekki bara á grundvelli ímyndaðar og ásýndar. Gleymum því ekki að í aðdraganda hrunsins töldu menn að vandi okkar væri bara ímyndaðarvandi en ekki vandi við innviði okkar samfélags eða raunverulega stöðu bankanna.

En hvað liggur að baki þessum fréttáflutningi? Er það málefnalegt að ætla að stjórnarmenn og stjórnendur lífeyrissjóðanna hafi einir átt öllum öðrum fremur að koma í veg fyrir áhrif fjármálahrunsins? Er það eðlilegt að gera ráð fyrir því að þeir hafi haft einhverjar þær upplýsingar sem hefðu gert þeim mögulegt að koma í veg fyrir að hrunið hefði áhrif á stöðu lífeyrissjóðanna? Og það þrátt fyrir að Seðlabanki, Fjármálaeftirlit, alþjóðleg matsfyrirtæki og ríkisstjórn ásamt þeim nefndum Alþingis sem með þessi mál fara hafi fullyrt alveg fram til loka september að allt væri í stakasta lagi. Auðvitað var ekki svo.

Í þessari umræðu hafa fjölmiðlar einnig alið á þeirri ímynd að stjórnkerfi lífeyrissjóðanna sé spilltur, fámennur og lokaður klúbbur „verkalýðsforkólfa“ og þaðan af verri atvinnurekenda sem sitja að „kjötkötlu“ og braska með eigur annarra. Einkar vinsælt er að láta að því liggja að þessi klúbbur sé sjálfskipaður og að sjóðsfélagar fái ekkert um þetta að segja. Engu máli virðist skipta að þessi ímynd hafi nákvæmlega ekkert með veruleikan að gera, því hún passar inn í fyrirfram gefnar hugmyndir sumra fréttamanna og stjórnenda spjallþátta og því er haldið áfram að staglast á þessu án þess að sýna minnstu viðleitni til að kynna sér málið eða nálgast það málefnalega. Það er þyngra en tárur taki að það skuli vera formaður í stéttarfélagi sem skuli ávallt vera tilbúin að ráðast, ekki bara á eigin fulltrúa heldur alla fulltrúa launafólks, með þungum ásökunum sem ekki eiga við nein rök að styðjast.

Nú kemur það ágætlega fram í umfjöllun rannsóknarnefndarinnar um einstaka lífeyrissjóði hvernig staðið er að kosningu í stjórn þeirra. Aðildarfélag ASÍ standa að níu lífeyrissjóðum og það er því mjög algengt að mörg stéttarfélag eigi aðild að einum og sama lífeyrissjóðnum. Við þessa sjóði er starfandi fulltrúaráð, þar sem hvert stéttarfélag stendur fyrir kosningu á fulltrúum í fulltrúaráðið meðal sinna félagsmanna og ræður stærð viðkomandi félags hversu marga fulltrúa það á. Fulltrúaráðið fer síðan með atkvæði á aðalfundi, en þar sem lífeyrismál eru kjaramál hefur verið talið mikilvægt að tryggja breiða aðkomu einstakra hópa að þróun og mótun þessara réttinda. Það hafa félögin m.a. gert með því að gera samkomulag um ákveðna skiptireglu milli viðkomandi stéttarféлага um aðkomu að stjórn sjóðanna.

Þessi skiptiregla ásamt því að flestir sjóðanna eru með reglur um hámarkstíma sem einstaka stjórnarmenn geta setið í stjórn þeirra – algengast 6-8 ár – veldur því að mikil hreyfing er á stjórnarmönnum í lífeyrissjóðunum, þvert á það sem almennt virðist talið. Í þeim níu sjóðum sem

aðildarfélög ASÍ eiga aðild að eru t.d. samtals 54 stjórnarmenn. 27 frá stéttarfélagunum og 27 frá atvinnurekendum. Einungis 9 af þessum 27 stjórnarmönnum voru í stjórn viðkomandi lífeyrissjóða árið 2008 eða 1/3. Tveir þriðju þeirra hafa verið kjörnir af félögum sínum eftir hrun og nú er látið að því liggja að þeir séu ábyrgir fyrir afkomu sjóðanna. Það sem vekur furðu er, að það tók mig aðeins rúman klukkutíma við nettengda tölvuna að afla þessara upplýsinga á heimasíðum lífeyrissjóðanna, en upplýsingar um vefsíður þeirra má m.a. finna á vef Landssambands lífeyrissjóða, [www.ll.is](http://www.ll.is) Þar eru ársskýrslur þeirra til margra ára birtar og lítið mál að kanna hverjir eru eða hafa verið í stjórnnum viðkomandi sjóða. Það er því áleitin spurning hvers vegna fjölmiðlar hafi ekki haft fyrir því að kanna þetta áður en vaðið er fram með fullyrðingar um að þessir einstaklingar neiti að axla ábyrgð.

Umræða um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna hefur reglulega verið tekin á vettvangi aðildarfélaga ASÍ. Síðast á ársfundinum haustið 2009 og í framhaldi af því meira en 100 manna tveggja daga ráðstefnu sambandsins um lífeyrismál sem haldin var á Selfossi vorið 2010. Þar var m.a. rædd tillaga Verkalýðsfélagsins á Akranesi um að stefnt yrði að því að afnema bein tengsl lífeyrisréttinda við gerð kjarasamninga og tekið upp það fyrirkomulag að sjóðsfélagar kjósi beinni kosningu alla stjórnarmenn lífeyrissjóðanna. Í umræðu um málið kom fram að reynslan af núverandi skipan mála hafi almennt verið góð og tryggt að lífeyriskerfið og lífeyrisréttindin hafa þróast á ábyrgan hátt tengt gerð kjarasamninga sem bæði hefur skilað árangri í hækkun mótframlaga atvinnurekenda og á stundum aðlögun réttinda að því svigrúmi sem sjóðirnir hafa m.t.t. stöðu kaupmáttar hverju sinni. Hafa verður í huga að ekki verður séð að stjórnkerfi þeirra lífeyrissjóða sem tengdir eru aðilum vinnumarkaðarins hafi valdið því að neikvæð áhrif hrunsins á stöðu lífeyrissjóðanna væri eitthvað meira. Þvert á móti komu þeir betur út en hinir svokölluðu frjálsum lífeyrissjóðir. Yfirgnæfandi meirihluti fulltrúa bæði á ársfundi og á lífeyrisráðstefnunni töldu mikilvægt að viðhalda tengslum lífeyrisréttinda og gerð kjarasamninga, en vildu engu að síður auka gegnsæi fulltrúakjörsins gagnvart almennum félagsmönnum samhliða því að bæta þekkingu og vitund fulltrúanna á hlutverki sínu og umboði. Jafnframt töldu þeir mikilvægt að atvinnurekendur færi kjör sinna fulltrúa nær þeim fyrirtækjum sem greiða í sjóðina og að þeirra fulltrúar séu einnig sjóðsfélagar í viðkomandi lífeyrissjóði.

Í opinberri umræðu um lífeyrissjóðina hefur einnig ítrekað verið fullyrt að stjórnarmenn misnoti fé sjóðsfélaga sér og sínum til framdráttar. Þessar fullyrðingar eru ekki studdar neinum rökum eða dæmum, en látið er að því liggja að þessi tengsl séu augljós miðað við tiltekið hagsmunamat þar sem gengið er út frá því að viðkomandi einstaklingar hugsi einungis um eigin þröngu hagsmuni og varði ekkert um ábyrgð sína, siðferði eða samfélagslegar skyldur. Rétt er að minna á að það er alveg skýrt í bæði lögum, kjarasamningi ASÍ og SA, samþykktum sjóðanna og almennum hæfisreglum að slíkt er ekki bara algerlega bannað heldur ber stjórnarmönnum að víkja sæti komi upp málefni sem tengist þeim persónulega, fjölskyldulega eða viðskiptalega. Vandinn við þessa framsetningu er að það er útilokað að „afsanna“ svona fullyrðingar nema með sérstakri rannsókn. Vegna mikilvægis þess að fullur trúnaður og traust ríki á milli launafólks og þess lífeyrissjóðs sem það greiðir til, ákváðu fulltrúar á ársfundi ASÍ 2009 og í framhaldi af því miðstjórn ASÍ að hafa frumkvæði að því að fram færi óháð rannsókn á samskiptum stjórnna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðanna við fjármálafyrirtækin í aðdraganda hrunsins, m.a. á grundvelli ábendinga Rannsóknarnefndar Alþingis um lífeyrissjóðina. Því lagði ASÍ ásamt SA til við Landssamtök lífeyrissjóða að skipuð yrði sérstök, óháð nefnd til að kanna þessi samskipti. Til að tryggja hlutleysi nefndarinnar var ákveðið að óska eftir því að Ríkissáttasemjari skipaði fulltrúa í nefndina og fékk hún sambærilegt umboð og Rannsóknarnefnd Alþingis gagnvart sjóðunum. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem gefin var út fyrir rúmri viku kemur fram að það sé mat hennar að enginn dæmi eða upplýsingar hafi komið fram um að stjórnarmenn hafi misnotað

aðstöðu sína með slíkum hætti. Þessari niðurstöðu nefndarinnar er hins vegar ekki haldið á lofti, þvert á móti gengið lengra í ásökunum og spillingarkenningum útvarpað.

Svona málflutningur og ómaklegar ásakanir í garð þeirra einstaklinga, sem axlað hafa það hlutverk fyrir félag sína að sitja í stjórn lífeyrissjóðs og gera sitt besta til þess að gæta þessa fjár og þeirra réttinda sem þar eru vistaðir, getur leitt til þess að fáir treysti sér til þess að taka þetta verkefni að sér og hætta jafnvel mannorði sínu á altari óvandaðrar æsifréttamennsku. Hér verða fjölmiðlar að gæta sín og láta ekki skammsýnina og kostnaðarsjónarmiðin verða til þess að fréttamenn hafi ekki tíma eða svigrúm til þess að vinna faglega að fréttflutningi. Ábyrgð þeirra er mikil en það er hins vegar spurning hvernig þeir ætla sjálfir að axla hana?